

Stjórnarfundur STEFs 26. janúar 2026 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn mánudaginn 26. janúar 2026 kl. 13:00 á Laufásvegi 40.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson, Halldór Smárasón og Hrafnkell Pálmarsson, sem mætti í forföllum Sóleyjar Stefánsdóttur. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 12. desember 2025 svo og útdráttur úr voru lögð fram og samþykkt.
2. Fundargerð fulltrúaráðsfundar frá 18. desember 2025 lögð fram til upplýsingar. Engar athugasemdir komu fram.
3. Lit yfir starfseminu frá síðasta stjórnarfundinum til 26. janúar lagt fram.

Lögð eru fram eftirfarandi skjöl:

- Drög að samstarfssamningi Samtóns.
- Tímalína; STEF – STIM – ICE.
- Breyting á gagnkvæmum samningi STEF og STIM vegna ICE.
- Fréttabréf STEFs desember 2025.
- Rannsókn AKM í Austurríki frá maí 2025 um áhrif tónlistar í smásölu.
- Leiðbeiningar CISAC varðandi skráningu verka sköpuð með aðstoð gervigreindar.
- QR-kóði fyrir lagalista – tónleikastaðir.

4. Úthlutun STEFs 2025.

Lagðar voru fram eftirfarandi tölfræðiupplýsingar til viðbótar við það sem lagt var fram á stjórnarfundinum 12. desember.

- Fjárhæðarbil í úthutun.
- Greining nýrra meðlima 2025.
- Kynjagreining 2025.
- Úthlutun fyrir Rondo.
- Sundurliðun á úthlutun STIM f.h. STEFs til erlendra samtaka 2025.

Athygli vakti að á bak við 393 nýliða á árinu 2025 höfðu 78% skráð verk á sig í lok árs og samtals áttu þessir nýju meðlimir skráð 1.867 verk, eða sem nemur tæplega 5 verkum á hvern þeirra.

Varðandi kynjagreininguna var rætt um hvort hægt væri að skoða málið nánar með tilliti til mismunandi notkunar á tónlist og jafnvel mismunandi útvarpsstöðvum. Í þessu sambandi var minnst á að sambærileg skýrsla frá KODA í Danmörku sýndi að úthlutun til kvenna er mjög aldurstengd og minnkar mjög mikið eftir 40 ára aldur kvenna, en sambærilega tilhneigingu er ekki að sjá hvað varðar úthlutun til karla.

Varðandi úthlutun fyrir Rondo var rætt um að FTT og TÍ myndu beita sér gagnvart RÚV varðandi dagskrá stöðvarinnar og að henni yrði breytt þannig að hún þjóni betur sígildri- og samtímatónlist.

5. Kjörstjórn skipuð og ákvörðun tekin um rafræna kosningu í fulltrúaráð 2026.

Lögð var fram tímalína um framkvæmd kosninga sem var samþykkt.

Í kjörstjórn voru kosnir ásamt framkvæmdastjóra, Grímur Helgi Pálsson fjármálastjóri STEFs og Stefán Hilmarsson, kynningar- og miðlunarstjóri STEFs.

Þá var ákveðið að kosning yrði rafræn.

Í þessu sambandi var rætt um að tímabært væri að gera breytingar á samþykktum STEFs og afnema alveg bréflega kosningu, nema þá undir sérstökum aðstæðum. Um leið væri hægt að stytta þann tíma sem kosning er opin og fresta um einn mánuð auglýsingu eftir framboðum. Þá var einnig rætt um lengd kjörtímabils, en stjórnarmönnum finnst tveggja ára kjörtímabil nokkuð stutt miðað við að það taki góðan tíma til að setja sig inn í málefni STEFs, auk þess sem að fulltrúaráð hittist ekki nema þrisvar sinnum almennt á hverju kjörtímabili. Einnig var minnst á hvort ástæða væri til að endurskoða skilyrði fyrir kjörgengi og að vera á kjörskrá. Ákveðið var að ræða þetta betur á næsta stjórnarfund.

6. Verðskrá – áskriftapakkar veitingastaða (var frestað á síðasta fundi). Lagt fram á ný.

Einnig var lagt fram markaðsplan vegna þessa.

Skrifstofa STEFs hefur verið í allnokkurn tíma að hugsa hvernig hægt er að styrkja stöðu STEFs á sviði bakgrunnstónlistar, í ljósi væntanlegrar samkeppni frá tónlistarböndum og gervigreindartónlist. Tillaga um áskriftapakka fyrir veitingastaði eru einn liður í þessu verkefni. Tillögurnar gera ráð fyrir að veitingastaðir geti valið um þrjá mismunandi áskriftapakka, sem hafa að geyma mismunandi vöru/leyfi. Með mismunandi áskriftarpökkum er einnig komið nýtt tækifæri til markaðssetningar og auknum tengslum við núverandi viðskiptavin. Allir áskriftarpakkarnir innihalda annað hvort leyfi fyrir einhvers konar tegund af lifandi flutningi tónlistar eða hafa að geyma tónlist sem ólíklega er eingöngu gerð af gervigreind, þ.e.a.s. ná yfir starfsemi sem tónlist er í forgrunni að einhverju leyti. Gert er ráð fyrir að núverandi viðskiptavinir flytjist sjálfkrafa í annað hvort í áskriftapakka nr. 1 eða 2.

Var þetta samþykkt af stjórn. Kallað var eftir betri heitum fyrir þessa áskriftapakka. Næsta skref er síðan að kynna þetta bæði fyrir SFH, SVEIT, Samtökum ferðapjónustunnar og svo Samtökum verslunar og þjónustu. Verður síðan haft samband við þá aðila sem helst gætu nýtt sér áskriftapakka nr. 3, auk þess sem að þetta verður kynnt á samfélagsmiðlum og á heimasíðu STEFs.

7. Verðskrá – tillaga um nýja verðskrá fyrir „gusur“.

Svokallaðar „gusur“, sem einnig hafa verið kallaðar „leiddar gufustundir“, hafa mjög fært í vöxt hér á landi undanfarin ár, svo mjög reyndar, að tala mætti um nk. „æði“. Eftir skamma leit á netinu koma í ljós rúmlega 20 staðir sem bjóða upp á slíka þjónustu gegn gjaldi. Í nær örugglega öllum tilvikum er notast við tónlist og er hún í raun í forgrunni fremur en bakgrunni. Þannig að augljóst er að tónlist gegnir verulegu hlutverki við gusustundir. Að mörgu leyti líkja gusum við jógaátíma undir leiðsögn kennara. Hver lota er venjulega sett upp með tilteknum lögum og oft hafa gusur tiltekið

þema, sem tengist tónlistinni, t.d. „djassgusa“, „R&B/soul gusa“, „dansgusa“, „hugleiðslugusa“, „sing-along gusa“, „Gusgus-gusa“, „jólagusa“, „orkugusa“, svo eitthvað sé nefnt sem finna má við netleit. Á Spotify er að finna fjölda opinna lagalista sem tileinkaðir eru gusum. Ljóst er af þessu, að eðlilegt er að STEF og SFH innheimti fyrir notkun tónlistar í þessari atvinnustarfsemi eins og annarri. Misjafnt er hversu oft gusur eru haldnar á hverjum stað. Algengast virðist að um sé að ræða frá þremur til tíu skiptum á viku. Þá er eingöngu miðað við það sem teljast vera opnir tímar, en þess utan er einnig vinsælt að selja einkagusur fyrir hópa. Við gerð tillögu um verðskrá fyrir gusur var fyrst og fremst horft til verðskrár STEFs fyrir viðburði. Þá var lagt til að verð verði fast fyrir hverja gusustund til einföldunar, burtséð frá fjölda gesta (enda taki verðskráin mið af því að ekki sé endilega alltaf fullt í allar gusustundir). Miðað við algengt verð fyrir 10 manna gusu myndi þessi tillaga að verðskrá þýða 2,4% tekna.

Var tillaga um tiltekið verð á hverja gusustund samþykkt. Gjaldið verður vísitölubundið og innheimt mánaðarlega miðað við meðaltal fjölda gusustunda hjá viðkomandi gufubaði á viku/mánuði. Haft verður samband við viðkomandi rekstraraðila með kynningarbréfi og þeir beðnir um að gefa upp meðaltal fjölda gusa á viku. Haft verður samráð við SFH áður en farið verður af stað með þessa innheimtu.

8. Verðskrá – beiðni um hækkun verðskrár SFH.

Tekið var fyrir bréf frá SFH. Stjórn lagði til ákveðinn innleiðingarfasa, sem tekur gildi á mismunandi tímum eftir notkun.

9. Heiðursmerki STEFs.

Næsta heiðursmerki STEFs verður veitt Karólínu Eiríksdóttur á setningu „Myrkra músíkdaga“ þann 29. janúar. Þá hefur verið ákveðið að veita Tómasi R. Einarssyni heiðursmerki á útgáfutónleikum hans og GDRN í lok febrúar.

10. Langspilið – verðlaun STEFs.

Lagður var fram listi yfir nokkra einstaklinga sem til greina koma. Ákveðið var tiltekinn lagahöfundur og upptökustjóri hljóti næsta Langspil.

11. Notkun tónlistar í auglýsingum á samfélagsmiðlum.

Sagt var frá kynningu STEFs á tónlist í auglýsingum, sem haldin var fyrir auglýsingastofuna ENNEMM fyrir skemmstu. Verður búið til fréttæfni upp úr kynningunni til birtingar á samfélagsmiðlum. Var rætt um hvort STEF gæti ekki sett sig í samband við SÍA eða ÍMARK varðandi að vera t.d. þátttakandi á fundi þeirra með auglýsingastofum.

12. Tilnefning í stjórn „Tónskáldasjóðs RÚV og STEFs“.

Búið var að tilnefna annan af tveimur fulltrúum STEFs í stjórn sjóðsins. Enn vantaði að tilnefna aðila með þekkingu á sígildri- og samtímatónlist. Var stungið upp á Þorbjörgu Daphne Hall og var það samþykkt. Mun framkvæmdastjóri tilkynna RÚV um þessa skipan.

13. Tilnefning í stjórn „Styrktarsjóðs samtaka um tónlistarhús og Ruthar Hermanns“.

Ákveðið var að Sigríður Thorlacius sem í dag situr fyrir hönd STEFs í stjórn þessa sjóðs muni sitja þar áfram.

14. Önnur mál.

Spurt var út í nýjar leiðbeiningar CISAC varðandi skráningu verka gerða af gervigreind. Var því svarað svo, að þær reglur sem að STEF hefði sett sér á árinu 2025 og væru í samræmi við reglur norrænna höfundaréttarsamtaka væru í samræmi við þessar leiðbeiningar CISAC og að þessar leiðbeiningar kölluðu því ekki beinlínis á aðgerðir af hálfu STEFs. Þá var nefnt að eitthvað undri 200 skráningar hefðu borist til STEFs þar sem skráð væri að annað hvort lag eða texti væri búið til af gervigreind.

Ekki voru fleiri mál fram borin.

Fundi var slitið kl. 15:15.